

Gunnar Jónsson

Subject: FW: Styrktar umsókn

From: Wojtek Grzelak <fjardabyggdbigjump@gmail.com>
Sent: 31 January 2025 10:33
To: Ragnar Sigurðsson <ragnar.sigurdsson@fjardabyggd.is>
Cc: Jóna Árný Þórðardóttir <jona.a.thordardottir@fjardabyggd.is>
Subject: Styrktar umsókn

Some people who received this message don't often get email from fjardabyggdbigjump@gmail.com. [Learn why this is important](#)

Kæra bæjarráð Fjarðabyggðar,

Undirritaður óskar hér með eftir fjárhagslegum stuðningi við framkvæmd bæjarhátíðarinnar og brettamótsins BigJump 2025, sem fram fer annað árið í röð. Hátíðin tókst afar vel í fyrra og hafði jákvæð áhrif á samfélagið með því að laða að fjölda þátttakenda og áhorfenda. Í ár er stefnt að enn veglegri dagskrá með tónleikum og fjölbreyttum viðburðum sem munu styrkja ímynd sveitarfélagsins sem spennandi áfangastaðar fyrir íþrótt- og tónlistarviðburði.

Dagskrá hátíðarinnar 2025

1. Viðburðir uppi í fjalli

Pondskim – Keppni þar sem þátttakendur skíða yfir tilbúna tjörn.

King of Oddskað – Keppni þar sem rennt er niður fjallið með fullt glas af drykk, verðlaun eru undir fánum á leiðinni.

Undirbúningur felur m.a. í sér gerð tjarnar, öryggisgæslu, dómarateymi og upptöku á keppninni.

2. Rail Jam á Eskifirði

Keppni í snjóþrengjum yfir handrið sem sett verður upp við hoppubelginn á Eskifirði.

Lýsing, girðingar, sjúkrabíll og þrír dómara til að velja vinningshafa.

Myndataka og verðlaunaafhending.

3. Tónleikar í Valhöll

Í beinu framhaldi af Rail Jam verða tónleikar í Valhöll með Mr. Clean Bass Crew.

Samvinna við Vinir Valhallar um aðstoð við framkvæmdina.

4. BigJump Mjóeyri

Þátttakendur stökkva yfir veginn milli tveggja gáma með aðstoð snjótroðara.

Notkun heyrúllna og snjóflutninga til að byggja upp stökkpall og lendingarsvæði.

Lýsing, hljóðkerfi, dómaraaðstaða og öryggisráðstafanir.

DJ Anton mun sjá um tónlistaratriði á staðnum.

5. Stórtónleikar í íþróttahúsinu á Reyðarfirði

Rottweiler hundar hafa staðfest þátttöku, með möguleika á fleiri listamönnum.

Skipulagning á sviðsbúnaði, ljósum, LCD skjá, öryggisgæslu og hljóðkerfi.

Barþjónar, útikamrar og gólfefni fyrir dansgólf.

Myndataka og upptaka af tónleikunum.

Fjárförf og áætlaður stuðningur

Til að hátíðin geti farið fram með þessum hætti þarf að tryggja fjármagn í helstu framkvæmdir, búnað og þjónustu. Við óskum eftir styrk frá bæjarráði til að standa straum af hluta kostnaðar, sem myndi meðal annars fara í:

Leigu á búnaði, sviði og hljóðkerfum.

Flutning á snjó, gámum og öðrum nauðsynlegum þáttum.

Öryggisgæslu, sjúkralið og viðburðarleyfi.

Auglýsingu og kynningu á hátíðinni.

Við viljum leggja áherslu á að BigJump 2025 hefur ekki einungis jákvæð áhrif á affreyingarlíf íbúa heldur einnig á ferðaþjónustu og efnahagslega uppbyggingu í sveitarfélaginu. Markmið okkar er að hátíðin verði árlegur viðburður í Fjarðabyggð og laði til sín fleiri gesti ár frá ári.

Við vonumst til að bæjarráð taki vel í þessa umsókn og erum tilbúin til að mæta á fund til frekari kynningar á verkefninu.

Með von um jákvæð viðbrögð,

Skipuleggjendur BigJump 2025